

# Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2014. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármiðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um **hlutafjáreign** allra hluthafa í árslok 2014, innlendra sem erlendra, sem og upplýsingum um **greiddan arð** á árinu 2014 og **staðgreiðslu fjármagnstekjuskatts** af honum. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2014. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2014					
<b>Upplýsingar um hluthafa/eiganda</b>				<b>Upplýsingar um hlutafélag (eða sparisjóð)</b>			
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn		Nafn hlutafélags og kennitala			
Nafn og heimilisfang		Nafn hlutafélags og kennitala					
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík					
<b>Hlutabréf</b>	76 Útg. Jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (heild)	75 Þar af arður talinn sem laun skv. 1. mgr. 11. gr. laga nr. 90/2003	79 Staðgreiðsla af arði	86 Dags. arðgreiðslu	
	0	250.000	25.000	0	5.000	15.4.14	
<b>Stofnfjárbréf sparisjóðanna</b>	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu	86 Staðgreiðsla af arði	86 Dags. arðgreiðslu		

RSK 2.045 Frumrit: Til ríkisskattstjóra

**Frá 1. janúar 2014 skal ekki lengur telja hluta arðs sem laun.**

Í reit 79 skal færa greidda staðgreiðslu af **arði**.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2015**. Sé upplýsingunum skilað á pappírsmáli er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2015.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á **www.skattur.is** og krefst veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í síma **442 1000**.